



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágr.
henny@minjastofnun.is

Mosfellsbær
Skipulagsfulltrúi

Þverholt 2
270 Mosfellsbær

Reykjavík 8. febrúar 2022
MÍ202202-0017/ 6.08 / 5221

Efni: Dalland 527-L - Aðalskipulag breyting tillaga

Með tölvubréfi dagsett 3. febrúar 2022 óskaði skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tillögu að breyttu aðalskipulagi fyrir við Dalland 527-L. Um er að ræða endurauglýsta breytingu frá desember 2020. Tekið er fram að meðfylgjandi gögn séu óbreytt frá fyrri auglýsingu. Minjastofnun veitti umsögn vegna fyrri auglýsingar dagsett 3. febrúar 2021.

Meðfylgjandi erindinu er aðalskipulagsuppráttur dagsettur 26.10.2020, unninn af Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssonar og féлага ehf. Breytingin felur í sér að stækka landbúnaðarland við Dalland 527-L um 6,1 ha. til austurs. Landið er skilgreint sem óbyggt svæði í gildandi aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030.

Minjastofnun minnir á ákvæði 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012:

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Fornleifaskrá Mosfellsbæjar var gefin út af Þjóðminjasafni Íslands árið 2006 og fullnægir ekki kröfum núgildandi laga um menningarminjar nr. 80/2012, en samkvæmt 16. gr. þeirra skal skrá menningarminjar; fornleifar, hús og mannvirki vegna skipulags og framkvæmda.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnisýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Minjastofnun Íslands hefur gefið út reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019 sem er að finna á vef Minjastofnunar. Um skráningu er fjallað í 3. gr.

Skipulagssvæðið austan við Dalland eru óbyggðir grónir melar og samkvæmt meðfylgjandi aðalskipulagsuppdrætti mun svæðið falla undir lýsingu sem „landbúnaðarstarfsemi, hrossarækt, tún“. Ljóst er að hin nýju áform um landnýtingu hafa áhrif á hugsanlegar minjar á svæðinu.

Minjastofnun Íslands fer því fram á að fyrirbyggjandi skrá verði endurskoðuð og uppfærð miðað við núgildandi staðla og reglur Minjastofnunar um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019.

Þegar fornleifaskráin liggur fyrir þarf skipulagstillagan að koma inn á ný til umsagnar Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,



Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Afrit sent:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Kristinn Pálsson, [skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar](mailto:skipulagsfulltrúi@mosfellsbajar.is) (kristinnp@mos.is)